# LAUGAVEGUR 20B REYKJAVÍK, DEILISKIPULAGSBREYTING Á REIT 1.171.5




HLUTI AF DEILISKIPULAGI Á REIT 1.171.5
MKV. 1:500, SAMÞYKKT Á EMBÆTTISAFGREIÐSLUFUNDI SKIPULAGSFULLTRÚA 2. JÚLÍ 2021.

Skilmálar:
SAMÞYKKT DEILISKIPULAG

| *Staðgr.* | *Heiti* | *lóð $m^2$* | *A+B rými* | *C rými* | *N:* |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.171.504 | Laugavegur 20b | 340,5 | 673.2$m^2$ | 107,8$m^2$ | 1,98 |







TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI FYRIR
LÓÐINA LAUGAVEGUR 20B, REITUR 1.171.5 MKV. 1:500

TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI

| *Staðgr.* | *Heiti* | *lóð $m^2$* | *A+B rými* | *C rými* | *N:* |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.171.504 | Laugavegur 20b | 340,5 | 711.9$m^2$ | 146,5$m^2$ | 2,09 |




Skýringarmyndir:




Fyrirh. þakmynd 1:200




## GREINARGERÐ

Gildandi deiliskipulag reits 1.171.5 var samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. júlí 2021. Húsið Laugavegur 20b er byggt árið 1903. Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er varðveislugildi hússins talið felast í verdun götumyndar Laugavegs *(VG)*. Húsið var friðlýst (friðað) af mennta- og menningarmálaráðherra 13. september 2011 með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðlýsingin nær til ytra byrðis hússins.
Ekki hafa verið gerðar breytingar á húsinu eftir að deiliskipulagið tók gildi, enda er þar tilgreint að stærð hússins og nýtingarhlutfall verði óbreytt.

Hornhúsið, miðhlutinn, efsti hlutinn og bakviðbyggingin verða óbreytt.

Fyrirhugað er að byggja 38,7 $m^2$ einnar hæðar viðbyggingu við vesturhlið hússins fram að Klapparstíg með þaksvölum. Þar verður útihurð og tröppur upp á þaksvalir. Einnig verður loftræst sorpgeymsla innan við þá útihurð.

Nýtingarhlutfall eykst úr 1,98 í 2,09.

Skilyrt er að fornleifafræðingur hafi eftirlit með jarðraski samfara framkvæmdum við undirstöður nýrrar viðbyggingar.
Komi fornleifar í ljós þarf að rannsaka þær áður en framkvæmdir halda áfram sbr. 24. grein laga um menningarminjar 80/2012
Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru öll hús eldri en 100 ára friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum eða mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Miðað er við að leitað sé álits stofnunarinnar áður en ráðist er í allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir og sömu gögn og send eru til byggingarfulltrúa verði send Minjastofnun til umsagnar.

Minjastofnun og Borgarsögusafn hafa gefið út jákvæðar umsagnir um þessar breytingar.

Gildandi skipulagsskilmálar gilda að öllu öðru leyti áfram óbreyttir.




YFIRLITSMYND ÚR AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2010-2040

- BYGGINGARREITUR
- MÖRK DEILISKIPULGSBREYTINGAR
- 1KR HÆÐIR, KJALLARI OG RIS
- VG VERNDUN GÖTUMYNDA
- V20 VERNDUN 20. ALDAR BYGGINGA
- F1918 BYGGINGAR REISTAR FYRIR 1918

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á borgarráði þann 25. ágúst 2022

Tillagan var grenndarkynnt frá 16. mars 2022 með athugasemdafresti til 13. apríl 2022.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 7. október 2022.

[signature] REYKJAVÍKURBORG SKIPULAGSFULLTRÚI

Uppdráttur lagfærður lítillega 08.08.2022

LAUGAVEGUR 20B, REYKJAVÍK
Deiliskipulagsbreyting á reit 1.171.5

AFSTÖÐUMYND 1:500, SKILMÁLAR, SKÝRINGARMYNDIR

P A R K


**PÁLL V. BJARNASON ARKITEKT**
**ÓLÖF PÁLSDÓTTIR ARKITEKT**

KJÖRGARÐI, LAUGAVEGI 59
101 REYKJAVÍK
KT. 431005-0690
SÍMI: 821 9880, 663 6396
www.p-ark.is pall@p-ark.is


| | |
|---|---|
| VERK | 524-01 |
| TEIKNAÐ | PVB |
| KVARÐI | 1:500 |
| ÚTG. | 30. DESEMBER 2021 |